| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2021 / 2022 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 31. maí 2024 |
| **Svið:** | |
| **Unnið af:** | Birkir Ingibjartsson |
| **Verkefni/tillaga:** | Handboltamörk fyrir yngri flokka Víkings |
| **Þjónustuþáttur:** | |
| **Stofnun/kostn.st.:** | |
| **Fjárhæð:** | 2.500.000 kr |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Ný minni handboltamörk fyrir yngri flokka Víkings í handbolta í Safamýri. Engin slík mörk eru í íþróttahúsinu í Safamýri í dag og því þurfa krakkar í yngri flokkum að spila á mörk í fullri stærð sem hamlar starfi flokkanna.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

nei

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.**

Yngri iðkendur í handbolta hjá Víking

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.**

Víkingur hefur nýlega tekið yfir íþróttastarf í Safamýri. Það hefur gengið nokkuð vel hjá félaginu að koma starfi sínu í Safamýri af stað en á sama tíma er hlutfall barna af erlendum uppruna í hverfinu hærra en almennt gerist í Reykjavík. Þátttaka þeirra barna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi er almennt í lægra hlutfalli en rannsóknir sýna að þátttaka í slíku starfi hefur margvísleg jákvæð áhrif. Mikilvægt er því að starf Víkings í Safamýri gangi vel en liður í því er að starfið þar hafi aðgang að réttum aðbúnaði.

| Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1] |
| --- |
| - |



[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.